

Mánudaginn 25. febrúarmánaðar.

Nr. 42/1894,

Sigurlaug Sveinsdóttir

gegn

sýslumanni Franz Siemsen f. h.
dánarbús Jóns Einarssonar, svo
og skuldheimtumönnum í búinu,
Jóni Bjarnasyni, Magnúsi S. Blöndal,
H. A. Linnet og Jörgen Hansen.

D ó m u r :

Á skiptafundi 16. ágúst 1893 í dánarbúi Jóns Einarssonar á Gamla-Hlíði, er andaðist 8. júní 1892, var fram lögð af skiptaráðanda skrá yfir skuldir, er sagt hafði verið til í búinu, og var á meðal skulda þeirra, er á skránni voru taldar, krafa frá áfrýjanda, er tjáðist hafa verið vistráðið hjú hins framliðna Jóns Einarssonar, vistarárið 1892—93, um kaup og matarverð frá því er búinu var brugðið vorið 1892 og til loka vistarársins, samtals 99 kr. 53 a. Skuldaskráin var samþykkt á skiptafundinum nema að því er snerti nefnda kröfu áfrýjandans, »henni var algjörlega mótmælt af hinum mættu«, eins og stendur í skiptagjörðunum, en »hinir mættu« voru hinir stefndu skuldheimtumenn. Frekara sjest eigi af skiptagjörðunum að gjörzt hæfi á skiptafundi þessum viðvikjandi skuldakröfu áfrýjandans, enda var áfrýjandinn eigi sjálf á skiptafundinum eða nokkur af hennar hendi. Viku síðar, eða 23. ágúst 1893, fóru fram skiptalok í búinu og var þá kröfu áfrýjandans sleppt með öllu í úthlutunargjörðinni, þannig, að

ekkert skyldi upp í hana greitt úr búinu. Þessum málalokum hefur áfrýjandinn eigi viljað una, og hefur hún, að fenginni gjafsókn og ókeypis málsfærslumanni, og samkvæmt uppreistarleyfi útgefnu 10. sept. f. á. áfrýjað tjeðri skiptagjörð til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. sept. f. á., og hefur þess verið krafizt fyrir hennar hönd, að hin áfrýjudu skipti verði úr gildi felld og skiptaráðandi skyldaður til að taka búíð til nýrra og löglegri skipta, þannig, að krafa áfrýjanda, að upphæð 99 kr. 53 a., verði tekin til greina við skiptin og það sem forgangsskuld samkvæmt skiptal. 12. apríl 1878 83. gr. b. 5., og að hinir stefndu skuldheimtumenn verði in solidum, eða til vara hinn stefndi skiptaráðandi fyrir búsin hönd, skyldaðir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins að skaðlausu, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hennar. Af hálfu hinna stefndu höfur þess aptur á móti verið krafizt, að skiptagjörðin verði með öllu staðfest og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Eins og fyr er getið var kröfu áfrýjandans mótmælt af hinum stefndu skuldheimtumönnum á skiptafundinum 16. ágústmán. 1893, er prófa átti framkomnar skuldakröfur, en áfrýjandinn var eigi viðstödd á þeim fundi og enginn af hennar hendi, þótt hann væri löglega boðaður, og var því eigi kröfu hennar haldið sjerstaklega fram gegn hinum framkomnu mótmælum. Það verður þó eigi álitíð, að áfrýjandinn hafi með þessu apturkallað eða

sleppt kröfu sinni, svo að það þegar af þeirri ástæðu hafi verið rjett af skiptarjettinum að sinna kröfunni eigi við úthlutunargjörðina. En þegar liðið er til þess, sem upplýst verður að álitast hafa verið um skuldakröfuna fyrir skiptarjettinum af beggja hálfu, áfrýjandans, er hún lýsti kröfunni, og hinna stefndu, er mótmæltu henni, þá er þess fyrst að geta, að því hefur aldrei verið mótmælt, að áfrýjandinn hafi verið vistráðið hjú Jóns heitins Einarssonar vistarárið 1892—93, en mótmælin gegn kröfunni fyrir skiptarjettinum voru, eptir því sem málsaðilarnir fyrir yfirdóminum hafa verið sammála um, þrátt fyrir hina ófullkomnu bókun þar að lútandi í skiptagjörðunum, að eins fólgin í því, að áfrýjandinn hafi eigi gefið búinu neinn kost á að nota vinnukrapt hennar, heldur hafi hún unnið sjálfri sjer einni allt árið frá því búid hætti. En þessi mótmæli gátu alls ekki haft neina þýðingu til að ríra kröfurjett áfrýjanda á hendur búinu samkvæmt 13. gr. vinnuhjúatilskipunarinnar 26. jan. 1866, því að henni var sjálfvísað úr vistinni, þegar búid allt var selt snemma á vistarárinu, og hún varð auðvitað að sjá sjer borgið með einhverju móti, úr því að bústjórnin útvegadi henni eigi þegar í stað aðra vist jafngóða samkvæmt ákvæðum nefndrar greinar í hjúatilskipuninni. Það var þess vegna eigi á rökum byggt, er skiptaráðandi samkvæmt nefndum mótmælum hinna stefndu skuldheimtumanna, ljet skuldakröfu áfrýjanda eigi koma til greina við úthlutun búins. Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hina áfrýjuðu

skiptagjörð úr gildi og skylda skiptaráðandann til að taka búíð af nýju til skipta, þannig, að umrædd skuldakrafa áfrýjanda sje þar tekin til greina sem forgangsskuld samkvæmt skiptalaganna 83. gr. b. 5. Hinum stefndu skuldheimtumönnum ber að greiða in solidum allan af áfrýjun máls þessa löglega leiðandi kostnað, svo sem það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðast 15 krónur. Það vottast, að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð skal úr gildi felld og skiptaráðandi skyldur að setja búíð í samt lag aptur og taka það til skipta af nýju, þannig, að skuldakrafa áfrýjanda 99 kr. 53 a. sje tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld samkv. 83. gr. b. 5 í skiptalögum. Hinir stefndu kaupmennirnir Jón Bjarnason, Magnús S. Blöndal, H. A. Linnet og Jørgen Hansen greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað máls þessa, svo sem það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem 15 krónur, og greiðist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri aðför að lögum.